Sþ. **357. Fyrirspurnir.** [149. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um byggingu Kjarvalshúss.

Frá Gils Guðmundssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Er starfandi stjórnskipuð nefnd, sem hefur með höndum undirbúning að byggingu safnhúss fyrir málverk Jóhannesar Kjarvals?
2. Hefur fé það, sem Alþingi með þingsályktun 2. marz 1945 heimilaði ríkisstjórninni að verja til byggingar slíks húss, verið greitt?
3. Hafi ekkert verið að máli þessu unnið, hyggst ríkisstjórnin þá hafa forgöngu um framkvæmdir?

II. Til ríkisstjórnarinnar um byggingu þingmannabústaðar.

Frá Bernharð Stefánssyni og Skúla Guðmundssyni.

Er lokið undirbúningi að byggingu þingmannabústaðar, samkvæmt fyrirmælum í 2. gr. laga nr. 84/1953, og hvenær má vænta, að bygging hans verði hafin?